

ATHUGIÐ

Við biðjum ykkur að fylgjast vel með fréttum og póstum frá skólanum vegna yfirvofandi verkfalla hjá Eflingu og Starfsmannafélagi Kópavogs.

Einnig er mikilvægt að fylgjast með og fylgja fyrirmælum vegna COVID19 veirunnar.



Kæra skólasamfélag

Marsmánuður heilsar með hækandi sól. Eins og sjá má á dagatalinu aftast í fréttabréfinu eru fastir liðir í skólastarfinu framundan eins og samræmd próf í 9. bekk. Einn skipulagsdagur er í mars og þemadagur í lok mánaðarins. Skipulagsdagurinn er fyrir alla starfsmenn skólans og því er frístundin lokuð þennan dag. Á þemadögum er skóladagurinn styttri en venjulega, allir nemendur skólans eru búnir í kennslu á hádegi. Líkt og í fyrra munu nemendur vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á þessum dögum. Við auglýsum fyrirkomulag þemadaganna nánar þegar nær dregur.

Yfirvofandi eru verkföll allra starfsmanna annarra en kennara, þroskaþjálfara og stjórnenda. Boðað er ótímabundið verkfall sem hefst 9. mars hjá starfsmönnum sem eru í Eflingu, þar eru allir skólaliðar og starfsfólk eldhúss. Starfsmannafélag Kópavogs hefur einnig boðað verkfall frá 9. mars og er það tvíþætt, annarsvegar eru starfsmenn frístundar sem fara í ótímabundið verkfall frá 9. mars en hjá öðrum starfsmönnum í Starfsmannafélagi Kópavogs eru tveir dagar í senn næstu fjórar vikur og eftir það ótímabundið verkfall. Í þessum hópi eru stuðningsfulltrúar, bókaforstjóri, ritari og húsvörður. Þessi verkföll munu hafa veruleg áhrif á skólastarfið ef af þeim verður og biðjum við ykkur að fylgjast vel með fréttum og póstum frá skólanum varðandi þessi mál.

Við biðjum ykkur líka að vera vakandi fyrir fréttum af viðbrögðum vegna COVID19 veirunnar. Skólinn sendir frá sér upplýsingar sem samræmdar eru fyrirmælum landlæknisembættisins hverju sinni. Auk þess er lögð áhersla á handþvott, handspritt og sótthreinsun helstu snertiflata s.s. handriða og hurðarhúna. Þá reynum við að forðast handabönd og aðra beina snertingu milli manna. Höldum vöku okkar en líka ró.

Við erum farin að huga að undirbúningi næsta vetrar, starfsmannasamtöl eru að hefjast, við erum að vinna að uppstillingu og skipulagi og auglýsingar eftir kennurum fyrir haustið fara í loftið síðar í mánuðinum. Það liggur fyrir að Ágúst kemur ekki aftur til starfa sem skólastjóri, starf hans hefur verið auglýst og síðar í mánuðinum kemur í ljós hver verður ráðinn í hans stað.

Bestu kveðjur úr skólanum
Þórunn skólastjóri

Innritun í grunnskóla Kópavogs fyrir skólaárið 2019-2020

Innritun 6 ára barna (fædd 2014) fer nú fram í gegnum þjónustugátt á vef bæjarins (<https://thjonustugatt.kopavogur.is>) Opnað var fyrir skráningu 1. mars 2020 og stendur hún til 8. mars. Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytjast milli skólahverfa og þeirra sem flytja í Kópavog eða koma úr einkaskólum. Haustið 2020 mun skólinn hefjast með skólaboðunardegi þriðjudaginn 25. ágúst. Nánari upplýsingar um skólabyrjun munu birtast á heimasíðum skólanna. Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í einkaskólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 1. apríl og skal sækja um á þjónustugátt Kópavogs. Sækja þarf um að nýju fyrir nemendur sem nú eru í slíkum skólum ef gert er ráð fyrir að þeir verði þar næsta vetur.

Morgunkaffi sálfræðings

Að efla þakklæti

og samkennd

Föstudaginn 20. mars kl 8:30-9:15
verður fræðslufundur í salnum í
Vallakór.

Þar mun Erlendur Egilsson skóla-
sálfræðingur fræða okkur um leiðir
til að efla þakklæti og samkennd.
Allir foreldrar eru velkomnir á
fræðslufundinn.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Undanúrslit stóru upplestrarkeppninnar fór fram föstudaginn 21. febrúar.

Ljóst var að nemendur voru mjög vel undirbúnir og gaman að fylgjast með vönduðum upplestri. Niðurstöðurnar urðu þær að aðalmenn í úrslitum verða Elísabet Sunna Scheving og Snorri Sveinn Lund úr 7.G. Varamenn þeirra verða Tinna Marín Sigurþórsdóttir úr 7.J og Eyþór Wheeley Guðjónsson úr 7.G.

Við óskum sigurvegurum til hamingju og hlökkum til að fylgjast með þeim í úrslitunum þar sem við vitum að þau verða skólanum til mikils sóma.

Handþvottur og handsprittun

Endurtakið hvert atriði vandlega fimm sinnum eða oftar!



1 Nuddið lófum saman



2 Nuddið bæði handarbökin með lófnum



3 Nuddið vel milli fingra



4 Nuddið fingurgóma og neglur vandlega



5 Nuddið báða þumalfingur vandlega



6 Nuddið vandlega inni í báðum lófum



Leiðbeiningar frá almannavottun, Desember 2016

Fátt er mikilvægara í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn flensu og öðrum veirupestum en góður handþvottur. Hér má sjá leiðbeiningar frá landlæknisembættinu um hvernig er best að bera sig að til að tryggja góðan handþvott. Gott væri ef allir foreldrar gæfu sér tíma til að fara vel yfir þetta með börnum sínum.

Íslandsmót barnaskólasveita í skák

Íslandsmót barnaskólasveita 1.-3. bekk, fór fram í íþróttahúsinu Smáranum föstudaginn, 21. febrúar síðastliðinn.

Hörðuvallaskóli sendi 20 börn úr 3. bekk sem skipuðu fimm sveitir. Fjórir nemendur kepptu í hverri sveit. Allir okkar nemendur stóðu sig frábærlega vel undir stjórn skákkennara síns, Gunnars Finnssonar. C sveit Hörðuvallaskóla lenti í fyrsta sæti. Í C sveitinni voru Áróra Rós Gissurardóttir, Arney Embla Hreinsdóttir, Benedikta Friðsemd Ingadóttir og Diljá Hjartardóttir.

Við óskum stelpunum og þátttakendum öllum til hamingju með glæsilegan árangur!



Fundargerðir skólaráðs

Skólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega og við minnum á að fundargerðir má nálgast á heimasíðu skólans eða beint á eftirfarandi slóð:

<https://www.horduvallaskoli.is/is/skolinn/skolarad>

Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna veikindi eða forföll á skrifstofu skólans sem allra fyrst að morgni með símtali, veikinda-skráningu í gegnum mentor.is eða í tölvupósti til ritara fyrir kl. 8:05. Ef veikindi eða forföll vara lengur en einn dag skal tilkynna þau daglega.

Beiðni um leyfi nemenda skal berast frá foreldrum eða forráðamönnum. Umsjónarkennarar afgreiða beiðni um leyfi í 1 eða 2 daga, en skólastjórnendur beiðni um lengra leyfi sem verður þá að vera skriflegt á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofum eða heimasíðu skólans:

https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2017-2018/beidni_um_leyfi.pdf

Munið foreldraröltið

Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans

<http://www.horduvallaskoli.is/is/foreldrar/foreldrarolt/>

Röltvaktir í mars eru sem hér segir:

06.mars áhugasamir röltarar

13.mars 5.M

20.mars 5.T

27. mars 10.H

Foreldrar—munið útivistartímann!

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	2. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og kokteilsósu/ tómatsósu. Salatbar og ávextir	3. Kalkúnabollur í BBQ m/brúnum hrísgrjónum og maísbaunum. Salatbar og ávextir	4. Heitur pastaréttur m/heilhveitipasta- penne, hamburgar- hrygg, grænmeti og ostasósa. Ávextir.	5. vetrarleyfi	6. vetrarleyfi	7.
8.	9. Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir	10. Nautahakkabuff m/piparosti, brúnni sósu, kartöflumús, rauðkáli og grænum baunum. Salatbar og ávextir Samræmd pr 9.b	11. Hrísgrjónagrauttur m/kanilsykri, rúsinum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir Samræmd pr 9.b	12. Þorskur í tempu- rahjúp m/ kartöflum og remúlaði/ tómatsósu. Salatbar og ávextir Samræmd pr. 9.b	13. Kjúklingabringur í tikka masala m/ hrísgrjónum. Salatbar og ávextir	14.
15.	16. Ýsa í orlý m/brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Salatbar og ávextir	17. Soðnar kjötfars- bollur m/hvítkáli, bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir	18. Píta m/skinu, grænmeti og pítusósu. Ávextir	19. Heimalagaður plokkskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir	20. Lambagúllas í karrýsósu m/brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir	21.
22.	23. Skipulagsdagur Frístund lokuð	24. Ungversk gúllas- súpa m/grænmeti, nautagúllasi og grófu snittu- brauði. Ávextir Páskabingó foreldrafélagsins	25. Þemadagar Pylsur með öllu tilheyrandi. Ávextir.	26. Þemadagar Skyrdrykkur og skinkuhorn. Ávextir	27. Tortilla m/ nautahakki, grænmeti (velja sjálf af salatbar), salsa- sósu, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir	28.
29.	30. Fiskibollur m/brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	31. Grísastrimlar m/ brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Salatbar og ávextir	1. Mexikósk súpa m/ kjúklingi, grænmeti, tortilla- flögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir	2. Léttsaltaður þorskur m/smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir	3. Grænmetislasagna m/grófu snittubrauði. Salatbar og ávextir.	

Muna:

- **Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!**
- **Útivistartími: Börn, 12 ára og yngri til kl. 20.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.**